

Fréttaskot

Framgangur verkhluta I, skipun 10 starfshópa á ábyrgð Velferðarsviðs samkvæmt þjónustusamningi frá 28.08.08

Afar ánægjulegt er að greina frá því að mjög vel hefur gengið með starfshópana tíu sem eru skipaðir 60 fulltrúum ýmissa hópa m.a. notendum, aðstandendum, fulltrúum hagsmunasamtaka og helstu þjónustustofnana sem veita geðfötluðum þjónustu.

Nokkrir starfshópar hafa skilað frá sér tillögum í skýrslu og má þar einkum nefna:

- Starshópur um nýliðun í búsetukjarna skilaði skýrslu sem var kynnt fyrir samninganefnd ríkisins og Velferðarsviðs vegna verkhluta II (yfurfærslu á þjónustuverkefnum frá Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík til Velferðarsviðs). Greinilegt er að þörfin var umtalsvert meiri en fulltrúar samninganefndarinnar höfðu gert ráð fyrir. Ekki er búið að afgreiða skýrsluna formlega, en samninganefnd hefur legið yfir því hvernig hægt sé að koma á mótis við þörf vegna nýliðunnar.
- Starfshópur um notendasamráð skilaði fyrstur allra skýrslu sinni og er þar að finna afar metnaðarfullar og áhugaverðar tillögur. Verkefnastjóri telur að tillögur starfshóps samræmis tillögu sem eru í vinnslu innan starfshóps um hugmyndafræði og þjónustustefnu.
- Starfshópur um rekstur skilaði metnaðarfullri vinnu og auðveldar án efa stjórnendum að veita ábyrgða rekstrar og fjármálastjórnun. Ennfremur er að finna tillögur vegna verklags um meðferð fjármuna s.s. búsetusjóðir og einkafjármunir íbúa. Rétt er að taka það fram að Velferðarsvið hefur um tíma haft þá stefnu að íbúar beri sjálfir ábyrgð á eigin fjármunum en fái stuðning til þess þegar við á s.s. hjá þjónustufulltrúa í banka o.fl.

Þrír starfshópar hafa tilgreint að von er á skýrslu á næstu dögum en það eru:

- Starfshópur um hugmyndafræði og þjónustustefnu
- Starfshópur vegna innleiðingar verkefna í þjónustumiðstöðvar
- Starfshópur um samfélagsteymi

Aðrir starfshópar hafa unnið öflugt og skilvirkt starf og verða að störfum á meðan þjónustusamningur er í gildi eða þar til stuðningsverkefnum er lokið. Má þar nefna:

- Starfshópur um undirbúning búsetukjarna hefur opnað formlega einn búsetukjarna en gert er ráð fyrir að þrír búsetukjarnar munu opna á næstu dögum. Starfshópurinn hefur þurft að sinna fjölmörgum verkefnum svo verkáætlun standist og má þar nefna að tryggja skilvirka og farsæla milliflutninga núverandi íbúa í þeim tilvikum þar sem ekki er um að ræða nýbyggingar.
- Starfshópur um úthlutun í búsetukjarna hefur starfað og leggur áherslu á að íbúaval sé sem skipulagt með tilliti til íbúa sjálfra, nærsamfélags, sértækra þarfa s.s. líkamlegra fötlunnar og fleiri þátta.
- Starfshópur um kynningu og fræðslu hefur m.a. haldið uppi heimasíðu verkefnisins, staðið fyrir kynningum fyrir íbúa og starfsfólk Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík (verkhluti II) o.fl.
- Starfshópur um mannauðsmál hefur kortlagt störf, starfsheiti, kjarasamninga o.fl. vegna uppbyggingar á þjónustu Velferðarsviðs með tilliti til reynslu Svæðisskrifstofu.

Á næstunni munu hópstjórar fylgja eftir skýrslum með kynningu og haldið verður málþing í lok maí þar sem allir geta tekið þátt, fræðst um þróunina, hvaða skref verða stigin á næstunni o.fl. mætti nefna. Málþingið verður að sjálfsögðu auglýst hér á GEGT.